



Stjórnarfundur AKÍS

Staður og tími: Google Hangouts 18. febrúar 2020 kl. 18:00

Mætt:

Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Ragnar Róbertsson (RR), Sigurjón Andersen (SA), Halldór Jóhannsson (HJ), Jón Bjarni Jónsson (JBJ), Tryggvi Magnús Þórðarson (TMP), Þrándur Arnþórsson (ÞA), Sigurður Gunnar Sigurðsson (SGS), Baldvin Hansson (BH)

Fjarverandi:

Arnar Már Pálmarrsson (AMP), Stefán Örn Steinþórsson (SÖS)

ÞA ritaði fundargerð.

1. Ársþing

Komin eru drög að dagskrá ársþings

Tímaáætlun

22. febrúar 2020 Frestur til að skila inn framboðum til stjórnar, og senda inn mál og lagabreytingum sem taka á fyrir á ársþinginu rennur út.

29. febrúar 2020 Seinna fundarboð sent. Hér fara einnig út kjörbréf ásamt keppnisskírteinafjölda hvers klúbbs. Þar komi fram upplýsingar um framboð, lagabreytingar og mál sem tekin verða fyrir á þinginu.

2. Öryggisbúr

Fyrsti skoðunardagur er næstkomandi laugardag. Á morgun verða sendar út boðanir á þá sem eiga að mæta.

3. Tryggingar í akstursípróttum

Búið er að hafa samband við Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis um breytingar á orðalagi laga um ökutækjatrýggingar. Einnig er búið að hafa samband við Fjármálaráðuneytið um sama mál. Stefnt er að því að niðurstaða fáiast í þessi mál fyrir ársþing AKÍS.

4. Reglugerð um keppnisráð

Ný reglugerð um keppnisráð samþykkt.

5. Útgáfa sérstakra AKÍS skírteina

Samþykkt að gefa út skírteini fyrir helstu stjórnendum á keppnum auk stjórnar og fjölmiðlafólks. Tekin verður saman kostnaðaráætlun fyrir næsta stjórnarfund.

6. Brautarúttektir

Fyrir bráðum þremur árum kom hingað til lands brautarskoðunarmaður frá norska sambandinu að nafni Tom Vidar Kaasa og sendi skýrslu um þær í framhaldinu. Samþykkt að leggja kostnaðaráætlun fyrir næsta stjórnarfund.

7. Ferðaskýrslur



Baldvin Hansson - Keppnisstjóra og dómnefndarnámskeið.

8. Námskeið hjá AKÍS

Halda þarf að minnsta kosti eftirfarandi námskeið:

- Dómnefndir og keppnisstjórar (Eftirtaldir gera tillögu um námsefni: TMP, BH, RR og JBJ)
- Slys / öryggisnámskeið (ÞA talar við Elsu Kristínu, Hönnu Rún og Erlu Sigríði)

Ákvörðun um dagsetningar tekin á næsta stjórnarfund.

9. Viðbragðstími neyðarbíla

Á keppni þann 29. september 2019 á keppnissvæði AÍH þurfti að kalla til neyðarbíl gegnum 112. Við eftirgrennslan kom í ljós að svartíminn var rétt undir 15 mínútum sem er ekki ásættanlegt. Málinu vísað til öryggisnefndar.

10. Endurskoðun á því hvernig akstursíþróttamaður og kona ársins eru kjörin.

Umræður hafa orðið um það innan stjórnar og utan að breyta fyrirkomulagi því sem viðhaft er við ákvörðun á akstursíþróttamanni og konu ársins. [Hér](#) er tengill í reglur um kjör akstursíþróttamanns ársins eins og þær eru í dag.

Stjórn AKÍS leggi tillögu að nýrri reglugerð fram á ársþingi 14. mars 2020.

11. Breytingar á keppnisdagatali

Bíladagar BA - samþykkt tilfærsla keppnisgreina innan dagatalsins.

Hermikappakstur og -drift - samþykkt tilfærsla frá 16. febrúar til 23. febrúar.

12. Önnur mál

13. Næsti fundur

Fundarsalur AKÍS 3. mars 2020 kl. 18:00.

14. Fundi slitið kl. 19:57